



1. útgáfa / 30.10.2005

Öryggisleiðbeiningar (MSDS)

skv. reglum VER nr. 602/1999

1. Söluheiti vörutegundar / upplýsingar um framleiðanda/söluaðila

Vöruheiti: Hreinsiefni fyrir sjálfvirkar þvottastöðvar**Söluaðili:** Olúfélagið ehf.Suðurlandsbraut 18
108 Reykjavík**Sími:** 560 3300**Neyðarsími:** 560 3333**Veffang:** www.esso.is

Eitrunarmiðstöð Landspítala-háskólasjúkrahúss veitir upplýsingar allan sólarhringinn um viðbrögð við slysum með hættuleg efni. Sími 543 2222. Símanúmer neyðarlínunnar er 112.

2. Samsetning / upplýsingar um innihald

Efni	CAS-nr.	EINECS-nr.	Merki	H-setningar	Styrkur
Hrábensín (úr jarðolíu), vetnismeðhöndlað, þungt (bensen <0,1%)	64742-48-9	265-150-3	Xn	10-65-66	>90%

Efnið inniheldur einnig yfirborðsvirk efnasambönd.

Varnaðarmerki: Xn**H-setningar:** 10-65-66**V-setningar:** 23-24-62

Sjá texta hættu- og varnaðasetninga efnisins í 15. lið.

3. Varúðarupplýsingar

Fólk:

Efnið flokkast sem hættulegt skv. reglugerð nr. 236/1990 með síðari breytingum.

Eldfimt.

Hættulegt: getur valdið lungnaskaða við inntöku.

Endurtekin snerting getur valdið þurri eða sprunginni húð.

Sjá einnig 11. og 15. lið.

Umhverfi:

Efnið flokkast ekki sem hættulegt umhverfinu skv. reglugerð nr. 236/1990 með síðari breytingum.

Sjá einnig 12. lið.

4. Skyndihjálp

Almennt:

Öryggisleiðbeiningar skulu ætíð vera tiltækar á vinnustað.

Ef grunur um heilsutjón eða krankleika vaknar leitið þá strax lækni.

Sé sá slasaði meðvitundarlaus; leggið hann í læsta hliðarlegu og leitið strax lækni.

Reynið aldrei að koma nokkru ofan í meðvitundarlaust fólk!

Sýnið lækni öryggisleiðbeiningar.

Innöndun:

Tryggið ferskt loft. Sá sem veitir aðstoð skal varast innöndun og nota viðeigandi öndunarhlíf (sjá 8. lið).

Leitið lækni eins og ástand segir til um.

Veitið öndunaraðstoð andi sá slasaði óreglulega eða alls ekki. Þjálfaður aðili getur gefið þeim slasaða súrefni.

Snerting við augu:

Fjarlægið linsur ef við á. Skolið strax með miklu af vatni í a.m.k. 15 mín. og haldið auganu vel opnu á meðan.

Leitið lækni sé erting viðvarandi.

Snerting við húð:

Þvoið strax vel með miklu af vatni - fjarlægið strax fatnað sem komist hefur í snertingu við efnið.
Leitið læknis sé erting viðvarandi.

Inntaka:

Leitið strax læknis - farið strax á slysamóttöku.
Framkallið ekki uppköst.

5. Bruni/aðferðir við að slökkva eld**Æskileg/nauðsynleg viðbrögð við eldsvoða:**

Fjarlægið umbúðir af eldstað sé slíkt mögulegt - ef ekki, kælið með vatnsúða.
Gætið þess að efni frá slökkvistarfi og mengað vatn berist ekki í niðurföll, grunnvatn eða jarðveg.
Hreinsið upp efni frá slökkvistarfi og mengað vatn skv. 6. lið og fargið skv. 13. lið.

Viðeigandi slökkviefni:

Val á slökkviefni fer eftir eðli og umfangi eldsvoðans.
Vatnsúði (til kælingar), alkóhólpólin froða, kolsýra og slökkviduft.

Slökkviefni sem af öryggisástæðum má ekki nota:

Vatnsbuna sökum hættu á að dreifa eldi.

Sérstök hættu vegna efnisins eða efna sem myndast við bruna:

Kolefnisoxíð, m.a. kolmónoxíð (CO) og koldíoxíð (CO₂).
Gufur geta myndað sprengifimar blöndur í lofti.
Hættulegar gufur sem eru þyngri en loft og geta því borist með gólfi/jörð.

Persónulegur hlífðarbúnaður:

Efnaþolinn hlífðarfatnaður.
Ferskloftsgríma.

6. Efnaleki**Til verndar fólki:**

Haldið fólki fjarri.
Notið viðeigandi persónuhlífar og takið mið af mengunarmörkum (sjá 8. lið).
Tryggið góða loftræstingu.
Forðist innöndun gufu sem og alla snertingu við efnið.
Athugið að gólf geta orðið hál.

Til verndar umhverfi:

Stöðvið útbreiðslu efnis sem lekið hefur niður.
Komið í veg fyrir að efnið berist í sjó/vatn, niðurföll, grunnvatn eða jarðveg.

Aðferðir við hreinsun:

Hreinsið upp með óbrennanlegu ísogsefni, s.s. mold, sandi, kísilgúr eða sambærilegu efni.
Mokið upp og komið fyrir í merktu íláti. Fargið eins og fram kemur í 13. lið.
Skolið svæðið með vatni að hreinsun lokinni.

7. Meðhöndlun og geymsla**Meðhöndlun:**

Sjá 6. lið.
Notið viðeigandi persónuhlífar og takið mið af mengunarmörkum (sjá 8. lið).
Tryggið góða loftræstingu - andið ekki inn gufum.
Forðist alla snertingu við efnið - fjarlægið strax fatnað sem óhreinkast af efninu.
Þvoið fatnað sem komist hefur í snertingu við efnið áður en hann er notaður á ný.
Haldið fjarri hugsanlegum íkveikjuvöldum (þ.m.t. verkfærum sem gefa frá sér neista).
Verið á varðbergi gagnvart stöðurafragnni.

Geymsla:

Geymið eins og um eldfimt efni sé að ræða.
Geymsla skal vera svöl og vel loftræst.
Geymið í upprunalegum umbúðum, vel lokuðum.

8. Eftirlit með mengun/persónulegur hlífðarbúnaður

Tryggið góða loftræstingu annað hvort með staðbundnu útsogi eða almennri loftræstingu.
Nægi loftræsting ekki til að halda styrk efnisins (eða innihaldsefna þess) í lofti á vinnustað undir mengunarmörkum skal nota öndunarhlíf.

Engin mengunarmörk hafa verið skilgreind fyrir efnið eða innihaldsefni þess.

Persónuhlífar:Til hlífðar öndunarfærum:

Sé loftræsting ekki fullnægjandi skal nota öndunargrímu með síu A (brún).

Sé um myndun svífúða að ræða skal nota samsetta síu A/P2.

Til hlífðar höndum:

Notið efnaþolna hlífðarhanska úr nitríl eða PVA.

Kannið þol hlífðarhanska áður en þeir eru notaðir í fyrsta skipti.

Til hlífðar augum:

Mælt er með notkun þéttra hlífðargleraugna með hliðarvörn eða andlitshlífar.

Til hlífðar húð:

Mælt er með notkun efnaþolins hlífðargalla og skóbúnaðar.

Tæknilegar ráðstafanir:

Greiður aðgangur að vatni.

Augnskol og neyðarsturta.

9. Eðlis- og efnafræðilegir eiginleikar**Almennar upplýsingar:**

Form:	Vökvi
Litur:	Enginn
Lykt:	"Jarðolíulykt"
Suðumark:	>180°C
Frostmark:	<-20°C
Oxandi:	Já
Eðlisþyngd við 20°C:	~0,8 g/mL

10. Stöðugleiki og hvarfgirni**Stöðugleiki:**

Stöðugt við tilætlaða notkun og réttar geymsluaðstæður.

Aðstæður sem skal varast:

Engar þekktar.

Efni sem skal varast:

Sterkir oxunarmiðlar.

Hættuleg niðurbrotsefni:

Sjá 5. lið.

Við bruna yndast kolefnisoxíð, þ.m.t. kolmónoxíð (CO) og koldíoxíð (CO₂). Einnig geta myndast gufur sem myndað geta sprengifima blöndu í lofti sem og gufur sem eru þyngri en loft.**11. Eiturfræðilegar upplýsingar**

Engar upplýsingar liggja fyrir um eiturfræðileg áhrif efnisins, en eftirfarandi upplýsingar byggja á þekkingu á innihaldsefnum þess.

Bráð/síðbúin eituráhrif:Innöndun:

Getur, í háum styrk, ert öndunarfæri.

Hár styrkur eða langvarandi innöndun getur valdið höfuðverk og svima og virkað sljóvgandi.

Innöndun svífúða getur valdið lungnaskaða.

Snerting við augu:

Getur ert.

Snerting við húð:

Langvarandi eða síendurtekin snerting getur affitað og þurrkað húð sem og valdið ertingu eða exemi.

Inntaka:

Hættulegt.

Við inntöku eða uppköst geta litlir dropar af efninu borist í lungu og valdið efnafræðilegri lungnabólgu eða valdið vatni í lungum.

Inntaka mikils magns efnisins getur orsakað sömu einkenni og við innöndun.

Bráð eituráhrif innihaldsefna:**Hrábensín (úr jarðolíu), vetnismeðhöndlað, þungt (bensen <0,1%):**

LD50 Inntaka, rotta: >5000 mg/kg

Langtímaáhrif/annað:**Annað:**

Efnið inniheldur lífræn leysiefni og þau geta borist í líkamann við síendurtekna eða langvarandi snerting við húð sem og við innöndun eða inntöku. Lífræn leysiefni geta valdið skaða á nýrum, lifur og miðtaugakerfi. Einnkenni geta m.a. verið höfuðverkur, svimi, þreyta, vöðvarverkir, sljóleiki og sé um mjög mikið magn að ræða meðvitundarleysi.

12. Hættur gagnvart umhverfinu

Efnið flokkast ekki sem hættulegt umhverfinu skv. reglugerð nr. 236/1990 með síðari breytingum.

Engar upplýsingar liggja fyrir um umhverfisáhrif efnisins.

Eftirfarandi upplýsingar byggja á þekkingu á innihaldsefnum.

Forðist að efnið berist í sjó/vatn, niðurföll, grunnvatn eða jarðveg.

Umhverfiseituráhrif:

Brák á vatni getur valdið líkamlegu tjóni á fuglum og vatnalífverum auk þess sem efnið getur hugsanlega valdið súrefnisþurrð.

Hreifanleiki:

Efnið getur dreifst þar sem að það flýtur á vatni og seittlar hægt niður í jarðveg. Efnið gufar tiltölulega hratt upp.

Niðurbrotshæfi:

Áætlað er að efnið brotni hægt til "miðlungs hratt" niður í umhverfinu.

Uppsöfnun og þrávirkni:

Efnið er ekki talið vera þrávirkt þar sem að það leysist nánast ekki í vatni og því er það ekki tekið upp af vatnalífverum nema að mjög litlu magni.

Efnið er talið hafa litla tilhneygingu til uppsöfnunar í lífríkinu.

13. Förgun**Förgun efnis/efnisleifa:**

Farga skal efninu og leifum þess skv. gildandi lögum og reglum.

Skv. reglugerð nr. 184/2002 um skrá yfir spilliefni og annan úrgang er efnið og leifar þess í eftirfarandi flokk(um):

07 06 04 (aðrir lífrænir leysar, þvottavökvar og stofnlausnir)

Spilliefni: H8 (5), D10, R1/R2, C41

Förgun umbúða undan efninu:

Tæmið umbúðir vel áður en þeim er skilað til förgunar/endurvinnslu.

14. Flutningur

Varan flokkast ekki sem hættulegur varningur skv. alþjóðlegum samþykktum (ADR/RID, IMDG, ICAO/IATA).

15. Lög, reglur og merkingar

Merkingar eru í samræmi við reglugerð nr. 236/1990 með síðari breytingum og upplýsingar frá framleiðanda.

Varnaðarmerki: Xn



Varnaðarorð: Hættulegt heilsu.

Innihald: Hrábensín (úr jarðolíu), vetnismeðhöndlað, pungt.

Hættusetningar:

- | | |
|----|--|
| 10 | Eldfimt. |
| 65 | Hættulegt: getur valdið lungnaskaða við inntöku. |
| 66 | Endurtekin snerting getur valdið þurri eða sprunginni húð. |

Varnaðarsetningar:

- | | |
|----|--|
| 23 | Varist innöndun gufu/úða. |
| 24 | Varist snertingu við húð. |
| 62 | Varist að framkalla uppköst eftir inntöku. Leitið umsvifalaust lækni og sýnið umbúðir eða umbúðamerkingar. |

16. Aðrar upplýsingar

Varan er skráð hjá Eitrunarmiðstöð LSH.

Útgáfa: 1.

Dags.: 30.10.2005

Öryggisleiðbeiningar þessar eru unnar af VGK verkfræðistofu.

Öryggisleiðbeiningar þessar eru byggðar á okkar bestu þekkingu ásamt upplýsingum frá framleiðanda og eru unnar í samræmi við gildandi reglugerðir. Öryggisleiðbeiningarnar eiga einungis við um vöruna eins og hún kemur frá söluaðila. Það er alltaf á ábyrgð notanda vörunnar að nauðsynlegar öryggisráðstafanir séu gerðar og að þær séu í samræmi við gildandi lög og reglugerðir hverju sinni.